

KRISTJÁN G. JÓHANSSON

Stýrimannakennsla á Ísafirði í 170 ár 1852-2022



Neðstikaupstaður á Ísafirði.
(Mynd: Ljósmyndasafnið Ísafirði)

ÍSAFIRÐI 2022

Útgerð þilskipa hófst frá Ísafirði árið 1831 og jókst hægt fyrstu árin, en 1842 voru sjö þilskip í eigu verslananna á Ísafirði. Upp úr 1850 fór þilskpum síðan að fjölga og nýir menn komu til sögunnar. Eftir að útgerð þilskipa til fiskveiða jókst varð brátt ljóst að þörf var á að þeim stýrðu menn er hefðu lært a.m.k. undirstöðuatríði í siglingafræði og helstu atríði önnur, er að skipstjórn laut.

Saga Ísfjarðar 1. bindi bls 157-169)

Eitt mikilvægasta fyrir útgerð þilskipa var góð hafnaraðstaða og ekki var eins brýnt að vera stutt frá fiskimiðum. Aukning í þilskipaflota landsmanna varð m.a. til þess að íbúum á Ísafirði fjölgaði verulega, enda lífhöfn fyrir þilskip innan við eyrina í Skutulsfirði.

FYRSTA TILRAUN TIL AÐ KOMA Á FÓT SJÓMANNASKÓLA

Vestfirðingar byrjuðu árið 1849 að koma saman að Kollabúðum í Þorskafríði til ræða um fjölmörg framfaramál, sem snertu stjórnarfar, menningu og atvinnuvegi. Þar var því hreyft í fyrsta sinn, svo vitað sé, hvílík nauðsyn væri að stofna skóla til kennslu fyrir skipstjóraefni. Í minningarriti fimmtíu ára afmælis Stýrimannaskólans í Reykjavík 1941 segir m.a. um upphaf stýrimannakennslu á Íslandi:

„Hin fyrsta tilraun Íslendinga til þess að koma á fót sjómannaskóla var gerð af Vestfirðingum. Hófu þeir samtök í þessu skyni á Kollabúðafundi 1850. Kom mönnum þar saman um að óska ekki aðstoðar alþingis, heldur leita hófanna hjá þilskipaeigendum í Vestfirðingafjórðungi og efna til samskota meðal þeirra til að koma þessu áhugamáli í framkvæmd“

Minningarrit fimmtíu ára afmælis Stýrimannaskólans í Reykjavík 1891-1941, bls. 45.


Var ákveðið að hefjast handa með því að stofna félagsskap meðal þilskipaeigenda á Vesturlandi og kosin þriggja manna nefnd til að vinna að málinu. Í fyrstu var tilgangur félagsins að koma á sjómannaskóla fyrir allt landið og að í honum yrði numið svo mikið, sem þyrfti til að stunda fiskveiðar hér við land og fara landa á milli ef á þyrfti að halda. Sýslumaður Barðstrendinga lofaði að bera fram bænarskrá til stjórnarinnar í Kaupmannahöfn, en virðist ekki hafa komið henni til skila. Forráðamenn félagsins réðust í að senda aðra bænarskrá og bar einn félagsmanna hana fram fyrir hina íslensku stjórnardeild í Kaupmannahöfn. Þar voru öll vandkvæði talin á að styðja málið, þar sem bænarskráin hefði ekki réttan lagavef og hins að þetta hefði ekki verið stofnað í Reykjavík.

NEFND SKIPUÐ Á KOLLABÚÐAFUNDI

Á Kollabúðafundi 1850 bundust tíu vestfirskir þilskipaeigendur félagssamtökum um stofnun sjómannaskóla og síðar bættust níu Ísfirðingar við. Nefndin sem kosin var á fundinum starfaði ekki mikið og fór svo að aðeins einn úr nefndinni vann að málinu, Ásgeir skipherra Ásgeirsson, stofnandi Ásgeirsverslunar á Ísafirði. Nokkuð varð honum ágengt og árið 1851 var Þilskipafélag Ísfirðinga stofnað að undirlagi Ásgeirs skipherra, Torfa Halldórssonar og Eiríks Ólsen verslunarstjóra. Í það fengu inntöku allir þilskipaeigendur á félagssvæðinu. Markmið félagsins var að vinna sem ötullegast að vexti og eflingu útvegsins. Höfuðverkefnið í upphafi var að vinna að sjómannaskólamálinu. Mál þetta fékk nær eingöngu fylgi í Ísafjarðarsýslu, en hafði lítinn hljómgrunn á öðrum stöðum. Í framhaldinu var ákveðið að hefja sjómannakennslu á Ísafirði.

ÁSGEIR ÁSGEIRSSON SKIPHERRA

Aðalhvatamaður að stofnun stýrimannaskólans mun hafa verið Ásgeir Ásgeirsson skipherra og stofnandi Ásgeirsverslunar á Ísafirði. Hann var fæddur á Rauðamýri í Nauteyrarhreppi í Ísafjarðardjúpi árið 1817 og hóf ungur að stunda sjómennsku á opnum skipum. Haustið 1847 sigldi hann til Danmerku til náms í sjómannafræði og tók skipstjórapróf þar vorið 1848. Festi hann kaup á 11 lesta skútu og kom með hana til landsins um sumarið. Árið 1852 opnaði hann sölubúð í Miðkaupstaðnum á Ísafirði og er það upphafið að Ásgeirsverslun, sem varð síðar að stórveldi í íslensku atvinnulífi. Þegar undirbúningur skólahalds stóð sem hæst var Ásgeir á besta aldri, víðsýnn og stórhuga og það mun vera fyrst og fremst hann sem kom samtökunum á.



Ásgeir Ásgeirsson skipherra og stofnandi Ásgeirsverslunar.
(Mynd: Ljósmyndasafnið á Ísafirði)


TORFI HALLDÓRSSON SKIPHERRA OG ÚTGERÐARMAÐUR

Torfi Halldórsson, skipherra og útgerðarmaður fæddist 14. febrúar 1823 á Arnarnesi í Dýrafirði, en sá bær er utarlega í firðinum að norðanverðu. Hann var snemma námfús og framtakssamur og eins og þorri Vestfirðinga á þessum árum stundaði hann sjó frá unga aldri og varð fljótt skipstjóri. Þótti kappgjarn og framsækinn en æfíð gætinn og athugull. *Minningarrit fimm tíu ára afmælis Stýrimannaskólans í Reykjavík, 1891-1941, bls 102-3*

Í blaðinu Dagfara 31. desember 1906 eru minningarorð um Torfa og þar segir m.a.

„Torfi sál. Halldórsson var höfðingi í lund og sæmdarmaður í hvívetna. Hann var manna jafnlyndastur og glaðlyndastur, fastur fyrir þegar á var leitað og fylginn sjer þegar því var að skipta. En eigi hirti hann að láta mikið á sjer ber, og í kyrþey vann hann miklu meira fyrir sveit sína og hjerað, en almenningi er kunnugt“.

Dagfari 1. árgangur 1906, 35-36 tölublað, 31. desember bls. 142-143.



Torfi Halldórsson skipstjóri og fyrsti kennari í stýrimannafræðum á Ísafirði.
(Mynd: Ljósmyndasafnið á Ísafirði)

Torfi heldur til náms í Danmörku


Torfi sá fljótt að sú þekking er þilskipaformenn höfðu þá í stýrimannafræði var ekki nægileg og lék hugur á að leita sér frekari fræðslu í þeirri grein. Síðla sumars 1851 hélt hann áleiðis til Danmerkur með póstskipinu og gekk í sjómannaskóla í Flensborg í Danmörku. Þaðan lauk hann ágætu prófi um vorið og hélt að því búnu heim til Íslands. Hann sigldi á skútunni Lovísu, 18 lestir að stærð, sem hann keypti í félagi við Hjálmar Jónsson á Ísafirði.

Skjóðan og dalurinn

Áður en Torfi hélt til náms fór hann fyrst mánaðarlangt ferðalag um Vestfirði til að selja fé og aðrar eignir til að afla sér nægilegs farareyris. Þó sá skjóður hafi ekki verið stór átti Torfi samt eftir einn dal af þeim peningum er hann kom heim aftur. Geymdi hann í skjóðu nokkurri til minja um utanförina. Skjóðan sú er nú varðveitt í Byggðasafni Vestfjarða.

Kennsla hefst á Ísafirði

Torfi hóf kennslu á Ísafirði haustið 1852 og voru námspiltar hans 6 þann veturinn. Kennslulaunin voru 2 ríkisdalir á viku og aðrir 2 fyrir fæði, rúm og þjónustu. Kennslunni lauk í febrúarmánuði. Hann kenndi næsta vetur einnig og líklega þann þriðja. Síðan virðist hafa orðið nokkurt hlé á þessari starfsemi. Eftir að hann flutti til Flateyrar hélt hann sjómannaskóla á veturna. Skóli Torfa má vel teljast fyrsti sjómannaskóli á Íslandi og víst er það að hann er hinn fyrsti sem nokkuð kveður að. Hann fékk aldrei, hvorki fyrr né síðar, styrk af almannafé til skólahaldsins. *Minningarrit fimmtíu ára afmælis Stýrimannsskólans í Reykjavík, 1891-1941, bls. 104-109.*



Torfi Halldórsson ungur að árum.
(Mynd: Ljósmyndasafnið á Ísafirði)

Sjómannaskóli Torfa var fyrsti skólinn á Ísafirði og jafnframt fyrsti starfsgreinaskóli á Íslandi, sem sinnti öðru en menntun embættismanna. Vanbúinn var hann tækjum, en í desember 1852 skrifaði Ásgeir skipherra til Jóns Sigurðssonar þingmanns Ísfirðinga og bað hann um að kaupa ýmislegt sem skólann vanhagaði um. Eins og við var að búast brást Jón vel við þessu erindi og sendi umbeðin tæki. Fátt er kunnugt um námsefni í skólanum, en þar munu hafa verið kennd öll undirstöðuatriði í siglingafræði. Í grein í blaðinu Norðra árið 1854 var sagt að kennslan sé sambærileg við það sem gerist erlendis. *Saga Ísafjarðar og Eyrarhrepps hins forna, 1. bindi.*

Bjarni Jónsson frá Álftamýri í Arnarfirði nam sjómannafræði í Danmörku veturinn 1853-54 og mun hafa stundað sjómannakennslu á Ísafirði tvo vetur þar á eftir.

MATTHÍAS ÞÓRÐARSON

Eftir að sjómannaskóli Torfa hætti starfsemi var sjómanna-kennsla stopul á Ísafirð þó eitthvað væri um að skipstjórar kenndu yngri mönnum sjómannafræði á milli vertíða. Matthías Þórðarson skipstjóri frá Austmannadal, sem hafði lokið stýrimannaprófi í Bogö í Danmörku, hóf kennslu í sjómannafræðum á Ísafirði árið 1886. Tveir piltar gengu undir próf í mars 1887.

Um haustið auglýsti síðan Matthías að hann hygðist halda kennslunni áfram og voru þann vetur sjö nemendur í skóla hans. Lýsing á kennslunni birtist í Þjóðviljanum í desember 1887 og kom þar m.a. fram að kennslan færi fram í húsi Matthíasar og byrjaði „kl. 7 og hálf fyrir hádegi og stendur yfir til kl. 8 e.m. nema á laugardögum aðeins til kl. 4 e.m.“ Ekki varð framhald á kennslu Matthíasar því hann flutti til Kanada síðar á árinu. Þar var hann skipaður til að prófa þá, er hugðust hafa á hendi skipstjórn á vötnum Kanadarákis og þótti það mikið trúnaðarstarf. *Saga Ísafjarðar, II. bindi bls. 171-173.*

SJÓMANNAFRÆÐSLA EIRÍKS EINARSSONAR

Eiríkur Einarsson, hafnsögumaður og bæjarfulltrúi hóf skömmu eftir 1920 kennslu í sjómannafræðum á Ísafirði og mun hafa haldið henni áfram fram undir árið 1940. Ekki var um eiginlegt skólahald að ræða þótt oft væri talað um Sjómannaskólann á Ísafirði. Námskeiðin stóðu frá októberbyrjun fram í janúar. Eiríkur var forstöðumaður námskeiðahaldsins og annaðist sjálfur kennslu í siglingafræði og öðrum reikningsgreinum. Á skólaspjaldi frá 1933 kemur fram að 18 hafa útskrifast úr náminu það ár. Eiríkur er þar titlaður skólastjóri og Guðmundur Gíslason Hagalín kennari. *Saga Ísafjarðar, IV. bindi bls. 267-26.*

EIRÍKUR EINARSSON

Eiríkur Einarsson, bæjarfulltrúi, skipstjóri og hafnsögumaður, fæddist árið 1878. Stundaði sjó frá unglingsárum og lauk skipstjóraprófi frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík árið 1920. Hann var skipstjóri, skipaskoðunarmaður, bryggjuvörður og hafnsögumaður frá árinu 1935. Hann var bæjarfulltrúi frá 1922-1934 og tók mikinn þátt í félagsmálum sjómanna. Þegar Samvinnufélag Ísfirðinga samdi um smíða fimm báta í Noregi árið 1928 tók hann að sér eftirlit með smíði þeirra. Eiríkur lést árið 1945. *Bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar 100 ára, bls. 113.*


Sjómannakennsla.

I vetur komandi hefi eg áformað að halda áfram kennslu í sjómannafræði á Ísafirði og mun eg hafa kennslueyri eins lúgan og mér framast er unnt, öðrari en að undanfönu. — Nauðsynlegar bækur og áhöld mun eg útvega nemendum, þeir sem njóta vilja tilsagnar, eru vinsamlega beðnir að smá sér til undirritads, annaðhvort munnlega eða bréflaga hið allra fyrsta. Kennslan byrjar eigi seinna en í miðjum októbermánuði.

Ísafirði 6. september 1887.

Matthías Þórðarson.

Auglýsing frá Matthíasi Þórðarsyni í Þjóðviljanum-unga í september 1887.



Matthías Þórðarson.

Námskeið.

Samkvæmt reglugerð um námskeið og próf í siglingafræði utan Reykjavíkur verður haldið námskeið í siglingafræði hér í haust, ef næg þátttaka fæst.

Þeir, sem huga sér að sækja um innöktu á námskeiðið, getu að gæta sig fram sem fyrst við formann skuleikadæmanna hér, Eirík Einarsson, helst fyrir síðvölditímamann.


Skilyrði fyrir innöktu eru:

1. Að hafa verið háseti eftir 16 ára aldri 36 mánaði á skipi yfir 16 rúmlætur, eða formaður á skipi yfir 10 rúmlætur í 12 mánaði og auk þess háseti á skipi yfir 16 rúmlætur í 12 mánaði.
2. Hafa þá sjón, heyrt og málferi, sem yfirmannstaðan heimilar.
3. Að kunna sund.
4. Að vera ekki haldinn af næmum sjúkdómi eða líkamavilla, er orðið gæti öðrum nemendum skæðvænn.
5. Hafa óðekkað mannorð.

Ísafirði, 20. maí 1937.

Eiríkur Einarsson.

Auglýsing frá Eiríki Einarssyni í Skutli árið 1937.



Eiríkur Einarsson skipstjóri og hafnsögumaður. (Mynd: Ljósmyndasafnið á Ísafirði)

Stýrimannanámskeið.

Hinn 1. jþ. m. hófst á Ísafirði námskeið í siglingafræði. Er þetta fjögurra mánaða námskeið og veitir 120 tonna réttindi. Gert er ráð fyrir að því verði lokið fyrir júl.

Nemendur eru 50, þar af eru 17 Ísafirðingar, en hinir víðsvegar að af Vestfjörðum, einnig frá Ólafsvík, Siglufirði, Stykkishólmi og víðar.

Kennt er í tveimur deildum, fyrir og eftir hádegi. Forstöðumaður námskeiðsins er Símon Helgason og aðrir kennarar Sturla Halldórsson, Guðmundur Árnason og Jón H. Guðmundsson.

Tveir þeir fyrrnefndu kenna allt er lítur að sjómanna og siglingafræði en hinir kenna íslensku.

Þessi góða aðsókn að námskeiðinu er mjög ánægjuleg og ber vott um vaxandi áhuga fyrir sjómennsku.

Grein um stýrimannanámskeið á Ísafirði í Vesturlandi
1. október 1958

næstu árin. Hafnarvörður á Ísafirði frá 1942, hafnsögumaður frá 1957 og skipaskoðunarmaður frá árinu 1964 og rak gúmmíbatapjónustu um tuttugu ára skeið. Bæjarfulltrúi á Ísafirði 1950-1962 og sat lengi í Hafnarnefnd. Símon lést árið 1988. Morgunblaðið, 27 febrúar 1988 bls. 60.

MENNTASKÓLINN Á ÍSAFIRÐI


Menntaskólinn á Ísafirði var stofnaður árið 1970. Skólinn starfar eftir áfangakerfi og býður upp á fjölbreytt bók- og verknám. Árið 1987 sameinaðist skólinn lðnskólanum á Ísafirði. lðnskólinn hafði um árabíl boðið upp á skipstjórnarnám og var því haldið áfram eftir sameininguna. Í Menntaskólanum á Ísafirði sá Símon Helgason um að skipuleggja námið í fyrstu, en hann lést ári eftir sameiningu og hafði þá komið að skipstjórnarkennslu á Ísafirði í 46 ár. Símon hafði mikinn áhuga á sjómannafræðslu og taldi að menntun skipstjórnarmanna væri forsenda þess að viðhalda öflugum sjávarútvegi í landinu og mikilvægt væri að vestfirskir sjómenn gætu stundað námið sem næst heimilum sínum.

STÝRIMANNANÁMSKEIÐ 1942-1988 - SÍMON HELGASON

Símon Helgason, skipstjóri og skipaeftirlitsmaður, sá um stýrimannafræðslu á Ísafirði frá árinu 1942 til 1988. Fyrsta námskeiðið sem hann sá um var fjögurra mánaða námskeið á vegum Fiskifélags Íslands og gaf 60 tonna skipstjórnarréttindi. Frá 1958 voru námskeiðin á vegum Stýrimannaskóla Íslands. Kennslan fór lengst af fram í húsakynnum lðnskóla Ísafjarðar en frá árinu 1987 í húsnaði Menntaskólans á Ísafirði. Talið er að mest hafi Símon kennt fimmtíu nemendum á sama vetri.

SÍMON HELGASON

Símon Helgason fæddist í Súðavík árið 1909 og hóf sjómennsku um fermingu, fyrst á opnum bátum við Djúp en síðar stærri bátum. Árið 1932 lauk hann hinu meira fiskimannaprófi frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík. Hann var síðan skipstjóri á Huginn I og Gróttu



Símon Helgason, skipstjóri og skipaskoðunarmaður.
(Mynd: Ljósmyndasafnið á Ísafirði)



Símon Helgason ásamt nemendum í stýrimannsnámi.
(Mynd: Menntaskólinn á Ísafirði)

Skipstjórnarnám hefur verið í boði við Menntaskólann á Ísafirði með hléum til dagsins í dag. Nú er boðið upp á skipstjórnarnám á A- og B-stigi. A-stigið veitir skipstjórnarréttindi á skipum að 24 metrum að lengd og B-stigið að 45 metrum.

FARSKÓLI VESTFJARÐA

Farskóli Vestfjarða var stofnaður árið 1989 og var rekinn í nánú samstarfi við Menntaskólann á Ísafirði. Bauð hann upp á smáskipanám frá stofnun. Guðmundur Einarsson var forstöðumaður alla tíð meðan skólinn starfaði. Fræðslumiðstöð Vestfjarða tók yfir starfsemi Farskólans við stofnun hennar árið 1999.

FRÆDSLUMIÐSTÖÐ VESTFJARÐA

Fræðslumiðstöð Vestfjarða er sjálfseignarstofnun og hóf starfsemi árið 1999. Markmið hennar er að auðvelda íbúum á Vestfjörðum símenntun og þátttöku í námi af ýmsu tagi í formi styttri almennra námskeiða, endurmenntunarnámskeiða og starfstengdra námskeiða. Fræðslumiðstöð Vestfjarða þjónustar einstaklinga, hópa, fyrirtæki og stofnanir hvar sem er á Vestfjörðum. Skipulag námsins tekur bæði mið af þörfum vinnandi fólks og atvinnulífsins hverju sinni og er lögð áhersla á kennsluaðferðir sem henta fullorðnu fólki. og er ein af símenntunarstöðvum landsins. Frá upphafi hefur miðstöðin boðið árlega upp á smáskipanám með þeirri undantekningu að þau féllu niður árin 2020-2021 vegna breytinga á námsskrá og að tilskilin leyfi frá Samgöngustofu lágu ekki fyrir. Oftast hafa verið haldin námskeið á Ísafirði, en einnig á Patreksfirði, Hólmavík, Bíldudal, Flateyri og Suðureyri og hafa nemendur verið frá flestum byggðakjörnum Vestfjarða.

Þráðurinn var aftur tekinn upp árið 2022 og nú eru hafin aftur námskeið til skipstjórnar að 15 metra skipum. Námið er skipulagt sem dreifnám. Samstarf er við Tækniskólann (Skipstjórnarskólann) og Menntaskólann á Ísafirði um námið.



Hjalte Hjalte að kenna nemendum í stýrimannanámi hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða.
(Mynd: Fræðslumiðstöð Vestfjarða)

HELSTU HEIMILDIR

Dagfari 1. árgangur 1906, 35-36 tbl.

Jóhann Gunnar Ólafsson. 1966. *Bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar 100 ára 1866-1966*. Prentstofan Ísrún, Ísafirði.

Jón Þ. Þór. 1984. *Saga Ísafjarðar og Eyrarhrepps hins forna, I. bindi fram til ársins 1866*. Sögufélag Ísfirðinga, Ísafirði.

Jón Þ. Þór. 1986. *Saga Ísafjarðar og Eyrarhrepps hins forna, II. bindi 1867-1920*.

Sögufélag Ísafirðinga, Ísafirði

Jón Þ. Þór. 1990. *Saga Ísafjarðar og Eyrarhrepps hins forna, IV. bindi 1921-1945*.

Sögufélag Ísfirðinga, Ísafirði.

Minningarrit fimmtíu ára afmælis Stýrimannaskólans í Reykjavík 1894-1941. 1941. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.

Morgunblaðið, 1988.

Vesturland, 1958.